

Löng hefð fyrir ræktun Border Collie hunda

Löngu áður en fjárhundakeppni kom til sögunnar í Skotlandi, höfðu bændur lagt sig fram um að rækta undan þeim hundum sem reynst höfðu best.

Fjárhundakeppni hefur stundum orðið til þess að ræktað hefur verið undan hundum sem henta betur sem keppnishundar en til að vinna á venjulegu fjárbúi. Þeir sem hafa unnið með Boreder Collie hundum og þekkja þetta kyn geta séð hvort hundurinn hentar þeim með því að sjá hvernig hann vinnur undir aðstæðum eins og þær eru í fjárhundakeppni. Með því að fylgjast með hundi í keppni er hægt að lesa eiginleikana.

Fjárhundakeppni hér á landi á eftir að hjálpa okkur við að velja góða hunda og til þess að varast að taka lélega hunda inn í ræktunina. Þetta á bæði við um útlit og eiginleika. Önnur hundakyn hafa oftast verið ræktuð þannig að settur hefur verið staðall um hvernig hundurinn á að vera að útliti og eiginleikum. Þótt hæfileikarnir séu hverfandi geta þeir dæmst vel ef þeir hafa rétta útlitið. Þeir sem rækta íslenska hundinn hafa fallið í þessa gryfju að rækta fyrst og fremst m.t.t. útlits. Því miður hefur útliti íslenska hundsins líka hrakað stórlega. Ég man eftir fallegum íslenskum hundum hér áður fyrr. Það voru stærri og stæltari hundar en þeir sem núna eru algengastir.

Farið var að rækta Collie hundinn [Lassie] um 1980. Forfeðurnir voru góðir fjárhundar en þeir sem ræktuðu hann féllu í sömu gryfju og þeir sem hafa verið að rækta íslenska fjárhundinn. Í dag eru þessir hundar hvergi notaðir sem fjárhundar nema helst hér á Íslandi. Vissulega geta komið nothæfir hundar af þessu kyni en líkurnar eru þó ekki miklar að þeir standist samanburð við áratuga ræktun með eiginleika fjárhundsins í huga.

Ég veit af eigin reynslu hve hvolpar úr sama goti eru misgóðir að upplagi þótt þeir séu vel ræktaðir og þess vegna er furðulegt þegar fólk fyllyrðir að það eigi besta Border Collie fjárhund landsins án þess að hafa þjálfað hann að því marki að hægt sé að sjá hvernig hann fer að kindum. Það er einmitt þessi hugsunarháttur sem hefur eyðilagt mörg hundakyn.

Það þarf ekki mikla aðstöðu fyrir fólk sem á besta hund á landinu, nokkrar kindur í girðingu fyrir hundinn og smalann til að æfa sig á. Svo koma þeir hundurinn og smalinn og taka þátt í smalahundakeppni félagsins í haust. Það væri líka synd ef einhverjir sem eiga mjög góða hunda fá ekki tækifæri til að sýna hvað í þeim býr. Við eigum að gera þá kröfu að vita hvað hundarnir geta áður en við förum að nota þá til ræktunar. Þori hundeigendur ekki að sýna hundinn sinn, verður að ætla að það sé minna varið í hann en af er látið.

Gunnar Einarsson 1997